

NÝIR VENDIR SÓPA BEST

18. maí 2007

Söng í sextugsafmæli í Salnum

Sænska stórstjarnan Carola, sem bar sigur úr býtum í Eurovision árið 1991, mætti í afmæli Grétu Sigurðardóttur í gærkvöld.

Bls. 2



Kemur á óvart

Sigríður Klingenberg spáir því að þjóðin verði mjög hissa á því hvaða starf Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, taki sér fyrir hendur næst. Sigríður skoðar framtíð fimm Íslendinga sem standa allir á einhvers konar

krossgötum í lífinu.

Bls. 6



Greiðslukjör
í allt að 36
mánuði

Gleraugað

Bláa húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími 568 1800

Sjónmælingar
linsumælingar

fréttir

■ Heyrst hefur



Fjöltnir í hestakynningu í Rússlandi

Athafnamaðurinn og hestaáhugamaðurinn **Fjöltnir Þorgeirsson** heilsaði upp á Eirík okkar Hauksson og Helgu konu hans í Helsinki áður en Eurovision-keppnin hófst. Ekki náði Fjöltnir þó að fylgjast með keppninni því hann var á hraðferð. För hans var heitið til Rússlands, nánar tiltekið á mikla hestasýningu í St. Pétursborg, þar sem hann hyggst koma íslenska hestinum á kortið. Geti það einhver þá er það væntanlega Fjöltnir og samstarfsmaður hans Daniel Ben sem var með honum í för. Daniel hefur vakið mikla athygli að undanföru fyrir vaska framgöngu gegn hrossaniðingum.



Trabant á Glastonbury

Hljómveitin Trabant mun troða upp á Glastonbury-hátíðinni í Bretlandi sem fram fer dagana 22. til 24. júní næstkomandi. Trabant mun stíga tvívegis á svið á hátíðinni, sem er gríðarlega virt og vel sótt. Það er Reykjavík Records, útgáfufyrirtæki Trabants, sem hefur veg og vanda að þessari útrás Ragnars Kjartanssonar og félagar hans í Trabant, í samstarfi við fyrirtæki í eigu tónlistarmannsins Fatboy Slim. Miklar líkur eru á því að **Björk** muni troða upp á hátíðinni en það hefur þó ekki fengið staðfest.




JAFNSTÓR OG BJÖRGVIN Óskar Einarsson, stjórnandi Gospelkórs Reykjavíkur, var afar ánægður með að fá Carolu til landsins.



LÁTUNSBARKAR Söngvararnir frábæru Páll Rósinkranz og Andrea Gyldadóttir voru meðal þeirra sem tróðu upp í afmælinu.



KYRJAD Í KÓPAVOGI Afmæli Grétu í Salnum var ein stór gospelveisla.



SÆNSKA STÓRSTJARNAN CAROLA MÆTTI Í GOSPELVEISLU Í SALNUM Í GÆRKVÖLD

Söng í sextugsafmæli með Gospelkórnum

Gréta Sigurðardóttir hélt upp á sextugsafmæli sitt í gær, 17. maí. Afmælið var haldið í Salnum í Kópavogi og bauð Gréta, sem er móðir Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings, upp á stórkostlega gospelveislu fyrir þá 250 gesti sem heidruðu afmælisbarnið með nærveru sinni. Til að koma gestum á óvart fékk Gréta hina sænsku Carolu til að koma í afmælið og taka nokkur lög. Carola, sem er þekktust hér á Íslandi fyrir þátttöku sína í Eurovision, er afar virt gospelsöngkona og sagði Óskar Einarsson, tónlistarstjóri afmælisins og stjórnandi Gospelkórs Reykjavíkur, að það væri gríðarlegur fengur að fá slíka manneskju til landsins. Carola vann einmitt Eurovision í Róm árið 1991 og hefur selt yfir tvær milljónir plátna í Svíþjóð.

„Hún er jafnstór á Norðurlöndunum og Björgvin Halldórsson hér á landi. Það segir nú nokkuð,“ sagði Óskar og hló. Auk Gospelkórs Reykjavíkur og Carolu tróðu Páll Rósinkranz, Hera Björk og Andrea Gyldadóttir upp í afmælinu.

„Gréta er mikil áhugamanneskja um gospeltonlist og hefur margsinnis komið á tónleika hjá okkur. Hún vildi gera eitthvað sérstakt í tilefni afmælisins og fannst tilvalið að blása til gospelveislu,“ sagði Óskar enn fremur.

Gréta vildi lítið tjá sig um afmælið og komu Carolu til landsins þegar Sirkus hafði samband við hana. „Ei, ég vil ekkert vera að tala um þetta. Mig langaði bara til að gleðja vini mína,“ sagði Gréta. Afmælisbarnið afþakkaði gjafir en það gesti þess í stað að styrkja ABC-hjálparstarfið.

Óhætt er að segja að Gréta sé örlítið hógværi í vali á skemmtiatriðum í afmæli sitt en auðkýfingarnir Ólafur Ólafsson og Björgólfur Thor Björgólfsson. Eins og frægt varð bauð Ólafur upp á Elton John í fimmtugsafmæli sínu og Björgólfur Thor fékk Jamiroquai, 50 Cent og Ziggy Marley til að skemmta gestum í fertugsafmæli sínu á Jamaíku í lok mars.



STÓRSTJARNAN Í SALNUM Hin sænska Carola skemmti gestum í sextugsafmæli Grétu Sigurðardóttur í Salnum í gærkvöld.

G-STAR RAW

REYKJAVÍK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S; 511-2007

Spennandi vörur.
Just the product.

Opið föstudaga 11.00-18.30
laugardaga 11.00-17.00

200 frí bílastæði í kjallara hússins.

G-STAR RAW DEFENDER R C marc newson g-star.com

Dorrit glæsileg í gulu

Forsetafrúin Dorrit Moussaieff bar af eins og gull af eir þegar dansarinn Helgi Tómasson fékk afhentan stórriddarakross við hátíðlega athöfn á Bessastöðum síðastliðinn mánudag. Helgi er staddur hér á landi í tilefni Listahátíðar Reykjavíkur og nýtti Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tækifærið og afhenti honum krossinn.

Dorrit var að sjálfsgöngu við hlið manns síns og tók sig að vanda afskaplega vel út. Ekki var að sjá að hækjurnar sem hún styðst enn við á meðan hún jafnar sig eftir lærbrot hefðu nein áhrif á hana þar sem hún geystist um gólf Bessastaða með bros á vör. Haft var á orði meðal gesta að Dorrit væri sennilega eina manneskjan sem gæti verið með hækjur en samt lítið stórglæsilega út. Og hún klikkaði ekki á smáatriðunum, gul taska í stíl við gula peysuna – sumarlegt og sætt.



ALLTAF Í STÍL Dorrit var að sjálfsgöngu með tösku í stíl við peysuna á Bessastöðum á mánudaginn. SIRKUSMYND/HÖRÐUR



Síðustu framleiðslustörfin í boði



Fjölbreytt og örugg störf

Starfsmenn Fjarðaáls er nú orðnir um 300 og álframleiðsla er hafin. Okkur vantar fleiri starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Verkefni hvers starfsmanns eru fjölbreytt. Störfin felast meðal annars í stjórnun tækja og framleiðslu-kerfa í tæknivæddu umhverfi. Mikil áhersla er lögð á öryggi og góða umgengni.

Góð launakjör

Unnið er á vöktum í sjálfstýrðum teyllum. Laun eru greidd samkvæmt vinnustaðarsamningi Alcoa Fjarðaáls og Afls - Starfsgreinafélags Austurlands. Samninginn er hægt að nálgast á alcoa.is. Boðið er upp á akstur til og frá vinnu og eina heita máltíð á dag.

Þjálfun og starfsþróun

Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

Jafnrétti og velferð

Fjarðaál á að styðja öflugt og fjölskylduvænt samfélag. Stefnt er að jöfnu kynjahlutfalli og góðri aldersdreifingu starfsmanna. Álverið er hannað þannig að öll störf henti jafnt konum sem körlum. Konur er nú um þriðjungur starfsmanna Fjarðaáls. Starfsmenn fá líkamsræktarstyrk og hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu.

Umsóknarfrestur er til 27. maí.

Viðkomandi munu hefja störf á næstu fimm mánuðum.



Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi í skjóli einstakrar náttúru. Hátt í þúsund ný framtíðarstörf bjóðast fólki með margs konar menntun og reynslu. Sveitarfélögin á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Fjarðaál aðstoðar þá starfsmenn sem flytjast inn á svæðið.

capacent
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á capacent.is (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á www.alcoa.is og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent í síma 540 1000.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál



fréttir

■ Heyrst hefur



Keiluskórnir ekki nóg

Það er óhætt að segja að Eurovision-farinn **Eiríkur Hauksson** bindi bagga sína ekki sömu hnútum og samferðarmennirnir þegar kemur að klæðaburði. Löörandi í leðri frá toppi að tá. Mesta athygli vöktu þó skórnir sem hann klæddist í Helsinki en þetta voru forlata keiluskór eins og sést á myndinni hér að ofan. Og þótt þeir hafi ekki verið nóg á sviðinu í Helsinki þá er heljarinnar saga á bak við skóna. Móðir Eiríks fann þá í þvottahúsinu í Karfavogi fyrir tuttugu árum og tók Eiríkur ástfóstri við þá. Fyrst fannst honum þeir ævintýrlega ljótir en síðan fór honum að þykja vænt um þá, svo vænt að hann gat ekki hugsað sér að stíga á stökk í Helsinki öðruvísi en í bláu, rauðu og hvítu keiluskónum.



FER ALLA LEIÐ Róbert Wessman er ekki fyrir neitt hálfkák og keypti stærstu dekk sem fyrirfinnst undir bílinn sinn.

ACTAVIS-FORSTJÓRINN RÓBERT WESSMAN KLÁR Í JÖKLAFERÐIRNAR Í SUMAR

Risajeppi á 49" dekkjum

Glökkir vegfarendur í umferðinni í Reykjavík hafa undanfarna daga tekið eftir svörtu ferlíki sem skriður um götur borgarinnar. Ferlíkið er bifreið, Ford F-350 jeppi á 49" dekkjum. Eigandinn er Róbert Wessman, forstjóri Actavis, sem er þekktur fyrir dálæti sitt á bílum.

„Jú, það er rétt. Það var ég sem var að keyra þetta skrímli,“ segir Róbert sjálfur í samtali við Sirkus. Hann

segist hafa keypt bílinn fyrir skemmstu til að fara í jöklaferðir um helgar enda sé hann ekki beint til þess fallinn að keyra innanbæjar. „Beygjuradíusinn er mjög stór,“ segir Róbert.

Og bíllinn kemst væntanlega upp um fjöll og firnindi? „Jú, bíllinn er ansi vel búinn. Hann er á 49" dekkjum, sem er það stærsta sem fyrirfinnst. Ég ákvað að fara alla leið fyrst ég var að þessu á annað borð.“

segir Róbert og hlær. Til að gera stærð dekkjana skiljanlegri fyrir fólk þá eru þau 1,24 metrar á hæð.

Þetta er þriðji bíllinn á heimili Róberts og eiginkonu hans. Fyrir eiga þau tvo Porsche Cayenne jeppa en annar þeirra er sá kraftmesti á landinu og kostaði um tuttugu milljónir. Nýi bíllinn er þó sá langstærsti og vel búinn aukahlutum. Heimildir Sirkuss herma að bíllinn kosti ekki undir tíu milljónum

miðað við upphækkun og allan þann aukabúnað sem í honum er.

Svona risajeppar eru yfirleitt vinsælir hjá börnum og Róbert segir að slíkt sé uppi á teningnum hjá sér. Hann á sex ára gamlan son sem er afar sáttur við pabba sinn þessa dagana. „Hann hefur mjög gaman af því að vera í bílnum,“ segir Róbert enda eru dekkinn stærri en litli snáðinn.

oskar@frettabladid.is



ISLENSKA VÍÐIS / LBI 27184 05/2007



SUMARNÁMSKEIÐ ÍTR *um alla borg*

INNBITUN ER HAFIN

Nánari upplýsingar og
innritun á www.itr.is

See information on ÍTR's summer
activities in English www.itr.is



Skemmtilegur frítími

SIRKUS FÉKK SPÁKONUNA SIGRÍÐI KLINGENBERG TIL AÐ RÝNA Í FRAMTÍÐ NOKKURRA ÁBERANDI EINSTAKLINGA.

HVAÐ SEGIR SPÁKONAN?

Bjarni kemur á óvart

„Það er gaman að sjá að Bjarni Ármannsson fyrrum forstjóri Glitnis er að fara yfir á töluna 8 og það eru greinilega breytingar í sambandi við atvinnu. Bjarni er með töluvert af dulrænum hæfileikum og mjög sterka skynjun fyrir andlegum SMS-skilaboðum. Hann fer eftir innsæi sínu og þess vegna hefur honum vegnað vel. Setningin You ain't seen nothing yet á við Bjarna. Hann er með mikið og sterkt karma og það verður slegist um hann. Hann á eftir að verða mjög áberandi og enn meira áberandi en hingað til. Hann hefur í gegnum tíðina tengt sig fólki á mjög jákvæðan máta svo hann á mikið inni í karmanu. Nú er um að gera að taka út úr karmabankanum og vegurinn er beinn og breiður. Þjóðin mun verða mjög hissa hvaða starf hann velur sér, Bjarni kemur á óvart eins og fyrri daginn.“

BJARNI ÁRMANNSSON Hætti sem forstjóri Glitnis fyrir skömmu eftir tíu ára veru á forstjórastóli.



Tapsár baráttumaður

„Eiríkur Hauksson er 8 í talnaspeki og áttunnar eiga frekar erfitt með að tapa. Hins vegar er Eiríkur sá maður sem sér ávallt björtu hliðarnar. Hann er hress, kátur, jákvæður, tryggur baráttumaður sem á eftir að ná lengra og í annarri starfsgrein en hann er í núna. Hann er á besta aldri fyrir sig og er að fara í frekar ljúft ár og spennan verður lítil fyrir utan Eurovision. Friður og ró verður í fjölskyldu hans, heimilið verður í hávegum og listaorkan sprettur betur fram á þessu ári. Eiríkur á eftir að syngja meira en hann býst við og hann á janfvel eftir að stofna einhvers konar söngband ef hann hefur ekki þegar gert það.“

EIRÍKUR HAUKSSON Tók að öllum líkindum þátt í Eurovision í síðasta sinn.



Stjarnan ekki að dala

„Ágústa Eva Erlendsdóttir hefur frá unga aldri haft mikla ábyrgðarkennd og hún byrjaði trúlega að skipta sjálf á sér bleiðnum um eins árs. Þótt ótrúlegt megi virðast er hún jarðbundin og trygglynd. Það tekur fólk þónokkurn tíma að kynnast henni en þegar maður hefur náð hjartastöðinni hennar fyrirgefur hún sínum nánustu allt. Hún er sterk kona sem lætur litla hluti ekki vaggja lífi sínu. Árið 2007 er ár tölunnar 8 hjá Ágústu Evu. Árið einkennist af hraða, fjöri, skemmtunum og peningum. Það verða breytingar á vinnunni hennar og ýmiss konar tilboð berast. Ég get ekki séð að hún þurfi að nokkru leyti að hafa áhyggjur af neinu nema þá að hvíla sig fyrir allt þetta amstur. Stjarna hennar er engan veginn að dala.“

ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR Stendur á tímamótum eftir að hafa leikið hina umdeildu en vinsælu Silvíu Nótt.



JÓN SIGURÐSSON Komst ekki á Alþingi í nýliðnum kosningum.

Verður vinsæll maður

„Jón Sigurðsson er sterkur maður sem hefur mikla seiglu að bera. Honum er illa við að hætta við hálfunnid verk og lætur ekki segja sér fyrir verkum. Hann er að fara inn í tiltölulega erfitt ár, það verður mikið álag á honum og hann tekur of mikið að sér. Hann ætti að huga vel að heilsunni þótt ég sé ekki að ýja að neinum veikindum. Það er alltaf gott að hlusta á bjöllur líkamans. Það verða miklar breytingar á lífi Jóns í kringum ágúst, september. Þá byrjar hagar hans að vænkast til muna og hann mun líta bjarta framtíð eftir þetta ár og verða vinsæll maður.“

Ætti að skipta um skoðun

„Jónína Bjartmarz er frekar dul orka sem fer sínar leiðir í öllu. Það hefði ekki verið hægt að setja hana í ballett á unga aldri ef hún hefur ekki viljað það. Þrjúskan kom mjög snemma í ljós, hún var afgerandi leiðtogi í grunnskóla. Jónína er fylgin sér, kvikar ekki frá skoðun sinni. Hún er að fara í mjög hratt ár í lífi sínu og það verða peningaöfl í kringum hana. Það gæti komið að einhvers konar flutningi í sambandi við vinnu en þessi flutningur er frekar til fjár en fjárleysis. Þetta verður skemmtilegt ár fyrir Jónínu og alls ekki árið sem hún leggur árar í bát, það mun hún aldrei gera. Jónína ætti að skipta um skoðun, það gæti verið gott fyrir hana. Samkvæmt indverskri talnaspeki er hún á tölunni 8 sem segir að það væri gott fyrir hana að breyta. Hún byrjar á nýrri orku á næsta ári sem mun vara til tíu ára. Ég hef engar áhyggjur af henni.“

JÓNÍNA BJARTMARZ Missti þingsætið í nýliðnum alþingiskosningum.



Máítilboð



Mamma framkallaði
100 myndir fyrir
aðeins 2.900

Stafræn framköllun
í **Mái** aðeins **29 kr** myndin

29
kr. stk.

HANS PETERSEN

Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind

VIÐ HEIMTUM
ÖDYRA
FARSÍMA!

Farsímalagerinn.is

GUÐNÝ PÁLA RÖGNVALDSDÓTTIR SÖNGKONA STENDUR Á TÍMAMÓTUM Í LÍFI SÍNU. GUÐNÝ PÁLA ER NÝSKILN VIÐ EIGINMANN SINN OG BÚIN AÐ SELJA FYRIRTÆKI ÞEIRRA. HÚN LÆTUR ERFIÐLEIKANA EKKI BUGA SIG OG LÍTUR BJÖRTUM AUGUM Á FRAMTÍÐINA.

SÁTT VIÐ SKILNAÐINN

Mér finnst ágætt að vera ein með sjálfri mér í nokkurn tíma," segir Guðný Pála Rögnvaldsdóttir söngkona sem stendur á tímamótum. Guðný Pála fann frægðina í X-Factor, er skilin við eiginmann sinn og hefur selt fyrirtæki þeirra en lætur erfiðleikana ekki buga sig heldur lítur bjartsýnum augum á framtíðina. „Ég hefði getað rekið verslunina áfram en ég kaus þetta frekar. Ég vil fara mína leið en hún er ekki ákveðin enn þá," segir Guðný Pála en hún og fyrrverandi eiginmaður hennar ráku húsgagnaverslunina Interio í Kópavoginum. Hún segist ekki vita hvað hún muni taka sér fyrir hendur en vonast til þess að hún eigi eftir að starfa við tónlist. „Draumurinn er að vera í bransanum. Söngur er mitt líf og ég vil helst ekkert annað gera," segir hún en bætir við að það sé hvorki frægð né auður sem lokki. „Hjá mér gengur tónlistin ekki út á það heldur vil ég gera það sem ég hef mest gaman af og það er að syngja."

Í rétta girnum fyrir X-Factor

Guðný Pála og Íris Hólm Jónsdóttir mynda söngflokkinn Gís en stelpurnar kynntust tveimur dögum fyrir áheyrendaprufur X-Factor. „Við ákváðum að slá til og erum mjög góðar vinkonur í dag. Við þurftum þó að taka smá pásu á hvor annarri en erum aftur farnar að syngja saman núna," segir Guðný hlæjandi en stelpurnar höfðu báðar tekið þátt í Idolínu á sínum tíma. „Ég var ekki í rétta girnum þegar ég tók þátt í Idolínu en í svona keppni þarf maður

frekar að vera tilbúinn andlega en sönglega. Ég var með dóttur mína litla og höndlaði ekki allt álagið og stressið sem keppninni fylgdi. Það var því ágætt hvað ég datt út snemma því okkur gekk vel í X-Factor."

Þroskuðumst hvort í sína áttina

Guðný Pála og fyrrverandi eiginmaður hennar höfðu verið saman í fjögur og hálf ár en þau gengu í það heilaga í fyrrasumar. Þau eiga eina stelpu saman, Ísabellu Lind, sem er þriggja og hálf ár. Guðný kennir X-Factor ekki um hvernig fór fyrir hjónabandinu en segir þátttöku sína í keppninni hafa haft áhrif á ákvörðunina.



GÍS Guðný Pála og Íris Hólm mynda Gís. Stelpurnar kynntust tveimur dögum fyrir áheyrendaprufur X-Factor.

„Yfirleitt er nú eitthvað meira á bak við skilnað en einhver keppni eða eitthvað slíkt lítillæglegt. Við þroskuðumst hvort í sína áttina en erum ofsalega góðir vinir í dag og örugglega betri vinir en þegar við vorum gift. Ég gæti ekki verið sáttari við ástandið og við tölum saman á hverjum degi," segir hún og bætir við að gott samband þeirra á milli sé henni mikilvægt vegna dótturinnar. „Markmiðið er að Ísabellu líði vel og við viljum halda rútnunni sem

eðlilegastrí fyrir hana." Spurð hvort hún hafi verið of ung til að gifta sig segir hún svo ekki vera. „Ég held ég hafi ekki verið of ung til að taka svona stóra ákvörðun og ég myndi engu breyta. Þessi lífsreynsla hefur þroskað mig sem einstakling en hjónabandið var þannig að við urðum að ákveða hvort við ættum að reyna þetta áfram eða skilja. Við hefðum getað reynt aftur og aftur og jafnvel verið hamingjusöm en hversu lengi veit ég ekki. Við erum bæði hamingjusöm í dag."

Filar að vera á lausu

Sögur þess efnis að Guðný væri að slá sér upp með Jógvani, sigurvegara X-Factor, fóru fjöllum hærra þegar þau voru í keppninni. Guðný segir ekkert til í þeim sögusögnum. „Strax eftir að ég skildi byrjuðu sögunnar og ég veit ekki af hverju. Við Jógvann erum góðir vinir en ekkert meira en það," segir hún brosandí og bætir við að hún fli að vera á lausu. Spurð hvort það sé erfitt að vera einstæð móðir segir hún svo ekki vera. „Ég á góða að, systir mín er sú besta í heimi og hleypur til þegar ég kalla og án hennar hefði ég ekki getað tekið þátt í keppninni. Mamma hefur líka opnað dyrnar fyrir mér og ég ætla að búa hjá henni í einhvern tíma. Ég stend á tímamótum en er ánægð og svakalega sátt við lífið. Ég er enn þá að ná áttum og veit ekki alveg hvaða leið ég vel. Ég er ekki að leita mér að manni en það er allt opið og framtíðin er spennandi."

indiana@frettabladid.is



GUÐNÝ PÁLA „Þessi lífsreynsla hefur þroskað mig sem einstakling en hjónabandið var þannig að við urðum að ákveða hvort við ættum að reyna þetta áfram eða skilja."

MYND/GVA

AYGO engin útborgun

Kostar ekkert, þannig séð

26.855 kr.* á mánuði:

Innifalið: Afborgun af láni - Tryggingar - Bifreiðagjald 1. tímabils - Engin útborgun.

Það hefur aldrei verið þægilegra að eignast Aygo. Núna þarftu ekki að hafa áhyggjur af neinu nema að keyra bílinn – við sjáum um restina.

Aygo. Engar áhyggjur.

Ofkeyrðu þig.

www.aygo.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

*Sértilboð Elisabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði. Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.



SVALA OG CO Svala Björgvins og hennar fólk í Steed Lord munu spila á Made in Iceland hátíðinni.

FYRIRSÆTUR, FLOTT FÖT OG TÓNLIST Það besta sem í boði er

Base Camp blæs til mikillar sýningar hinn 31. maí næstkomandi í Loftkastalanum. Sýningin ber nafnið „Made in Iceland“ en þar verður tísku, tónlist og list slegið saman í eina stóra uppákomu. Boðið verður upp á tískusýningu þar sem nýjar fyrirsætur sýna fót eftir íslenska hönnuði. Auk þess mun tónlist skipa stóran sess á sýningunni en Steed Lord mun spila ásamt Sometimes.

Ásta Kristjánsdóttir hjá Eskimo, sem hefur veg og vanda af tískusýningunni, segir í samtali við Sirkus að mikil gróska í tónlist og tísku sé á Íslandi og því sé þetta framtak Base Camp frábært.

„Við munum kynna til leiks tólf nýjar fyrirsætur sem ætla að sýna fót eftir íslenska hönnuði. Það verður mikill fjöldi útsendara frá erlendum umboðsskrifstofum og draumurinn er að einhverjar af stúlkunum komist á samning hjá þeim," segir Ásta.

Eskimo mun velja stelpurnar tólf í dag, föstudag, og er áhugasömum bent á að mæta í höfuðstöðvar



MIKIL GRÓSKA Ásta Kristjánsdóttir hjá Eskimo segir allt vera á fullu í íslensku tónlistar- og tískulífi og því sé sýningin Made in Iceland kærkomin.

fyrirtækisins á milli 12 og 18. Ásta segir að stúlkurnar muni fá þjálfun sem endi með sýningunni 31. maí.

Betra verð
betra bragð



Bragðbetra í bragðprófun¹⁾

Nicorette Fruitmint Bragð sem kemur á óvart

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.



Þín ákvörðun
Þín leið
Þitt Nicorette

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótínbyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótínbyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætt á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

8 KONUR Í FYRSTA SINN Á ÞING

SIRKUS RÆDDI VIÐ ÞÆR ÁTTA KONUR SEM MUNU SETJAST Á ALÞINGI Í FYRSTA SINN Í HAUST. KONURNAR ÁTTA KOMA ÚR ÞREMUR FLOKKUM: BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR, GUÐFINNA BJARNADÓTTIR, ÓLÖF NORDAL, RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNA-DÓTTIR OG RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR ÚR SJÁLFSTÆÐISFLOKKI, ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR OG KATRÍN JAKOBS-DÓTTIR ÚR VINSTRI GRÆNUM OG STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR ÚR SAMFYLKINGUNNI.

Ragnheiður Elin Árnadóttir, Sjálfstæðisflokkur

- 1. Gælunafn:** Ragga.
- 2. Hvað er Jóhanna Sigurðardóttir gömul?** Tæplega sextug. (rétt svar: 64 ára)
- 3. Ef þú mættir velja þér ráðherra-stól?** Forsætisráðherrastólinn auðvitað.
- 4. Við hliðina á hverjum viltu sitja í þingsalnum?** Hjá einhverjum skemmtilegum, Ragnheiði Ríkharðs til dæmis.
- 5. Hver er fyndnastur í þingflokkn-um?** Ég verð að segja formaðurinn.
- 6. Hvað verður fyrsta verkið?** Að kynna mér málin og láta mér detta eitthvað ótrúlega sniðugt í hug.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sjálfstæðisflokkur

- 1. Gælunafn:** Haddý.
- 2. Hvað er Jóhanna Sigurðardóttir gömul?** Hún er 64 ára. (rétt svar: 64 ára)
- 3. Ef þú mættir velja þér ráðherra-stól?** Ég myndi vilja vera samgönguráð-herra
- 4. Við hliðina á hverjum viltu sitja í þingsalnum?** Ég myndi vilja sitja með Ragnheiði Elinu Árnadóttur og Árna Þór Sigurðssyni.
- 5. Hver er fyndnastur í þingflokkn-um?** Það hlýtur að vera leiðtoginn Þorgerður Katrín. Hún er ótrúlega fyndin og reyrt af sér brandara á færbandi.
- 6. Hvað verður fyrsta verkið?** Það verður að setjast í nýjan stól sem mér hefur verið úthlutað.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Samfylkingunni

- 1. Gælunafn:** Steina.
- 2. Hvað er Jóhanna Sigurðardóttir gömul?** 64 ára. (rétt svar: 64 ára)
- 3. Ef þú mættir velja þér ráðherra-stól?** Menntamálaráðuneyti.
- 4. Við hliðina á hverjum viltu sitja í þingsalnum?** Mér er nokk sama, bara einhverjum skemmtilegum sem ilmar vel. Er viðkvæm fyrir vondri lykt.
- 5. Hver er fyndnastur í þingflokkn-um?** Ég get ekki gert upp á milli Gunnars Svavarssonar og séra Karls Mattíassonar.
- 6. Hvað verður fyrsta verkið?** Ég ætla að láta það koma skemmtilega á óvart.

Katrín Jakobsdóttir, Vinstri grænum

- 1. Gælunafn:** Kata.
- 2. Hvað er Jóhanna Sigurðardóttir gömul?** Hún er svona sextug. (rétt svar: 64 ára)
- 3. Ef þú mættir velja þér ráðherra-stól?** Það væri menntamála- eða landbúnaðarráðuneytið.
- 4. Við hliðina á hverjum viltu sitja í þingsalnum?** Ég myndi helst vilja sitja við hliðina á Jóni Bjarnasyni. Annars er mér alveg sama.
- 5. Hver er fyndnastur í þingflokkn-um?** Það liggur beinast við að segja Jón Bjarnason. Hann er mjög fyndin enda Strandamaður.
- 6. Hvað verður fyrsta verkið?** Það verður að klára heildstæða náttúru-verndaráætlun og undirbúa lengingu fæðingarorlofs.



Ólöf Nordal, Sjálfstæðisflokkur

- 1. Gælunafn:** Já, ég á eitt gælunafn.
- 2. Hvað er Jóhanna Sigurðardóttir gömul?** 59 ára. (rétt svar: 64 ára)
- 3. Ef þú mættir velja þér ráðherra-stól?** Atvinnuvegaráðuneytið. Held það væri skemmtilegt ráðuneyti ef það væri til.
- 4. Við hliðina á hverjum viltu sitja í þingsalnum?** Ég vil sitja við hlið Illuga Gunnarssonar.
- 5. Hver er fyndnastur í þingflokkn-um?** Halldór Blöndal er fyndastur.
- 6. Hvað verður fyrsta verkið?** Ég vil berjast fyrir bættum búsetuskilyrðum út um land, með því að efla enn frekar innviði samfélagsins, t.d. menntun og samgöngur. Svo finnst mér löngu tímabært að klára að koma léttvíni og bjór í búðir!

Álfheiður Ingadóttir Vinstri grænum

- 1. Gælunafn:** Alsí.
- 2. Hvað er Jóhanna Sigurðardóttir gömul?** Hún er sextug á árinu. (rétt svar: 64 ára)
- 3. Ef þú mættir velja þér ráðherra-stól?** Ég myndi kjósa heilbrigðis-ráðuneytið.
- 4. Við hliðina á hverjum viltu sitja í þingsalnum?** Mér er alveg sama. Ég hef engar sérstakar óskir.
- 5. Hver er fyndnastur í þingflokkn-um?** Katrín Jakobsdóttir er alveg morðfyndin.
- 6. Hvað verður fyrsta verkið?** Það verður að endurflytja frumvarpið um að fella niður virðisaukaskatt af nýjum strætisvögnum. Og síðan að fríðlýsa öll Þjórásarver og það sem eftir er af Þjórásá.

Guðfinna Bjarnadóttir, Sjálfstæðisflokkur

- 1. Gælunafn:** Finna.
- 2. Hvað er Jóhanna Sigurðardóttir gömul?** Hún er allavega ung miðað við aldur. (rétt svar: 64 ára)
- 3. Ef þú mættir velja þér ráðherra-stól?** Ég held að heilbrigðisráðuneytið sé mikil áskorun og spennandi verkefni.
- 4. Við hliðina á hverjum viltu sitja í þingsalnum?** Við hlið sjálfstæðismanns eða -konu.
- 5. Hver er fyndnastur í þingflokkn-um?** Ragnheiður Elin Árnadóttir.
- 6. Hvað verður fyrsta verkið?** Mitt fyrsta verk er að kortleggja stöðuna og meta tækifærin.

Björk Guðjónsdóttir, Sjálfstæðisflokkur

- 1. Gælunafn:** Það er varla hægt að stytta Björk mjög mikið.
- 2. Hvað er Jóhanna Sigurðardóttir gömul?** Hún er svona 58 ára gömul. (rétt svar: 64 ára)
- 3. Ef þú mættir velja þér ráðherra-stól?** Þegar stórt er spurt þá er lítið um svör. Ég get ekki svarað því.
- 4. Við hliðina á hverjum viltu sitja í þingsalnum?** Það eru mjög margir skemmtilegir karakterar á Alþingi og erfitt að gera upp á milli. Það væri gaman að sitja við hliðina á einhverjum eldri þingmanni með reynslu.
- 5. Hver er fyndnastur í þingflokkn-um?** Það á eftir að koma í ljós. Það eru svo margir nýir.
- 6. Hvað verður fyrsta verkið?** Það verður að kynnast kjördæminu betur.

Vilt þú ráða þínum námshraða?

Nemendum við Framhaldsskólann á Laugum gefst kostur á að ljúka stúdentsprófi á tveimur til fjórum árum.

FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

Framhaldsskólinn á Laugum er í senn ungur og gamall skóli. Skólinn tók fyrst til starfa árið 1925 sem héraðsskóli en hefur starfað sem framhaldsskóli síðan 1988.

Við skólann eru að jafnaði um **110 til 120 nemendur**. Fyrir vikið verður mikil samheldni meðal nemenda.

Lögð er áhersla á **persónulega þjónustu og umhyggju gagnvart nemendum**, en jafnframt eru gerðar til þeirra kröfur í námi og samskiptum. Þeir nemendur sem sækja heimavistarskóla búa að því alla ævi, bæði hvað varðar vini sem þeir eignast á námsárunum og hæfni til félagslegra samskipta. Í heimavistarskóla læra menn ekki aðeins á bókina, dvölin þar er jafnframt góður skóli í mannlegum samskiptum.

Í skólanum er öflugt og fjölbreytt félagslíf.



Laugar í Reykjadal

Á Laugum er mikil náttúrufergurð en einnig gott aðgengi að þjónustu. Þá er stutt í helstu þéttbýliskjarna.

Vegalengdir:
Akureyri 60 km
Húsavík 40 km



Sveigjanlegt námsumhverfi og persónubundin námsáætlun


Í Framhaldsskólanum á Laugum miða kennsluhættir að því að hver nemandi vinni samkvæmt persónubundinni námsáætlun. Þannig gefst kostur á að hraða námi og ljúka stúdentsprófi á allt frá tveimur árum eða bæta við hefðbundinn námstíma. Þarfir, geta og vilji hvers og eins ráða för og námshraða.

Námsumhverfið er sveigjanlegra og gerð krafa um sjálfstæði í námi og öguð vinnubrögð. Veitt er markviss leiðsögn og aðstoð og vinnudagur nemandans er samfelldur. Það býður upp á að nemendur geti lokið námi til stúdentsprófs fyrr en ella, séu þeir tilbúnir að leggja á sig þá vinnu sem til þarf.

Þetta kerfi hentar vel metnaðarfullum nemendum sem vilja taka námið hraðar en gengur og gerist, og einnig þeim sem þurfa að aga vinnubrögð sín og ná betri tókum á náminu.

Kynntu þér málið á www.laugar.is





Aðstaða á skólasvæðinu

Heimavistir

Við skólann eru fjórar heimavistir. Þær heita Tröllasteinn, Dvergasteinn, Fjall og Gamli skóli. Hægt er að velja á milli eins og tveggja manna herbergja og einnig er hægt að velja á milli herbergja með eða án baðherbergis.



Í herbergjum er tenging við internet en aðgangur að netinu er nemendum að kostnaðarlausu. Þá er tengi fyrir sjónvarp og hægt að velja úr fjölda gervihnattarása.

Íþróttaaðstaða

Við skólann er frábær aðstaða til íþróttaiðkunar og líkamsræktar. Þar er stór íþróttasalur sem nemendur hafa frjálst afnot af, nemendur fá auk þess ókeypis aðgang að þrekkækjasal og nýverið var reist glæsileg 25 metra útisundlaug sem nemendur geta sótt sér að kostnaðarlausu.



Þá er góð aðstaða til útiþróttar á Laugavelli sem var stórbættur vegna Unglingalandsmóts UMFÍ sem fór fram á Laugum í fyrra. Þá var lagt gerviefni á hlaupa- og atrennubrautir og er aðstaða til frjálsíþróttaiðkunar ein sú besta á landinu.

Aðstaða til náms

Nemendur hafa aðgang að vel búnu bókasafni sem er í aðalbyggingu skólans. Þar eru einnig tölvur til verkefnavinnu og heimildaleitar. Þá er góð aðstaða í herbergjum á heimavist þar sem hægt er að sökkva sér í lærdóminn.

Námsframboð og brautir

Náttúrufræðibraut

Nám á náttúrufræðibraut er 140 einingar. Námið skiptist í 98 eininga kjarna, kjörsvið sem er 30 einingar og 12 eininga val. Möguleiki er á mismunandi útfærslum á kjörsviði. Á stúdentsbraut er lögð áhersla á að búa nemendur undir háskólanám og annað framhaldsnám, bóklegt og verklegt. Lögð er áhersla á raungreinar og stærðfræði.

Félagsfræðibraut

Nám á félagsfræðibraut er 140 einingar og er skiptingin sú sama og á náttúrufræðibraut. Möguleiki er á mismunandi útfærslum á kjörsviði. Á stúdentsbraut er lögð áhersla á að búa nemendur undir háskólanám og annað framhaldsnám, bóklegt og verklegt. Lögð er áhersla á félags- og uppeldisgreinar.

Stúdentsbraut með starfsnámi í íþróttfræðum

Starfsnám í íþróttfræði og íþróttageinum er 24-30 einingar og hefur það markmið að búa nemendur undir þjálfun barna og unglinga hjá félagasamtökum og skólum, jafnframt því sem það er heppilegur undirbúningur fyrir háskólanám í íþróttfræðum, jafnt hérlendis sem erlendis. Námið er tekið meðfram félagsfræði- eða náttúrufræðibraut til stúdentsprófs.

Almenn braut

Almenn braut er valkostur fyrir þá nemendur sem ekki hafa náð viðunandi árangri á grunnskólaprófi eða fullnægja ekki inntöku-skilyrðum á aðrar brautir og vilja bæta árangur sinn. Námið á brautinni er einstaklingsmiðað og tekur tillit til getu nemenda.

Umsóknarfrestur um skólavist og heimavist er til 11. júní 2007. Frekari upplýsingar um námsframboð má sjá á vefsíðu skólans, www.laugar.is

FRÉTTIR ÚR SKÓLALÍFINU



Nýtt námsfyrirkomulag gefur góða raun

Í vetur var farið af stað með nýtt námsfyrirkomulag þar sem nemendur hafa meiri stjórn á námi sínu. Var þetta gert sem tilraunaverkefni á fyrsta ári og kom það vel út að kerfið verður tekið upp á öllum námsárum í vetur. Með nýja fyrirkomulaginu geta nemendur hraðað námi sínu og þannig stýtt námstímann um allt að tvö ár.

Vel heppnað vorboð á Laugum

Fjöldi gesta sótti skólann heim á opnum dögum sem haldnir voru fyrir skemmstu. Gestirnir fylgdust með störfum nemenda og starfsfólks, þáðu góðar veitingar og skoðuðu sig um á staðnum. Gestir voru bæði foreldrar og systkini nemenda og aðrir velunnarar skólans, sumir komnir um langan veg. Meðal gesta voru Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Halldór Blöndal, fyrrverandi ráðherra og forseti Alþingis.

Ný stjórn nemendafélagsins

Kosið var í þrjú embætti stjórnar Nemendafélags Framhaldsskólans á Laugum í síðustu viku. Gunnar Sigfússon var kjörinn forseti, Einar Guðmundsson féhirðir og Kristín Lea Sigríðardóttir nótarius. Kosið verður um tvo meðstjórnendur þegar skólastarf hefst aftur í haust og skal minnst annar þeirra koma úr röðum nýnema.

FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

sími 464-6300 | www.laugar.is

helgin

Hvað á að gera í sumar?



„Ég var að koma heim úr vinnuferð á Ítalíu og fer svo í brúðkaup til Kaupmannahafnar í byrjun júní. Það sem eftir er sumars ætla ég síðan að reyna að ferðast um Ísland þegar tími gefst og njóta þess að vera heima.“

Hera Ólafsdóttir, leikstjóri og framleiðandi

„Mér skilst að það eigi að taka upp Stelpu-þætti í júlí og ágúst auk þess sem ég mun leika í útvarpsleikriti. Svo vona ég að Gyðjan í vélinni verði sýnt í allt sumar. Ég hef ekki skipulagt neitt sumarfrí enda svo gaman að vinna á sumrin.“



Guðlaug Elisabet Ólafsdóttir leikkona

„Ég var að koma frá Bandaríkjunum en ég var þar í námi. Næst er ferðinni heitið í þriggja vikna ferð til Ítalíu ásamt mannum mínum og tengdforeldrum. Þar ætla ég á söngnámskeið og læra ítölsku. Annars eru engin önnur stórplön fyrir sumarið.“



Ardís Ólöf Víkingsdóttir söngkona

Vel heppnað ferðalag

Þetta tókst ótrúlega vel,“ segir Margrét Kristín Sigurðardóttir, eða Fabúla, sem er komin heim úr tónleikaferðalagi frá Kanada. Fabúlu var boðið að spila á listahátíðinni Núna/Now sem haldin var af frumkvæði Atla Ásmundssonar, aðalræðismanni í Winnipeg. Auk Fabúlu og hljómsveitar hennar stigu margir listamenn á svið, bæði Íslendingar, Vestur-Íslendingar og Kanada-menn. „Þetta var skemmtilegt og vel heppnað,“ segir Fabúla og bætir við að það sé gott að spila fyrir nýja áhorfendur. „Það var yndislegt að fá að spila á mörgum tónleikum í röð og upplifa bandið verða sterkara og

lifna meira og meira við. Ég hefði gjarnan viljað halda áfram en við erum að skipuleggja enn lengri túr næst. Hvort ferðinni verður næst heitið til Kanada eða Evrópu er enn óráðið.“ Fabúla og hljómsveit hennar dvöldu ytra í tvær vikur. Þau spiluðu á ýmiss konar tónleika-stöðum en hápunkturinn var að hita upp fyrir kanadíska poppsveitina The Weakerthans. „Þarna voru 700 manns komnir til að hlýða á uppáhaldssveitina sína og þessir áhorfendur tóku okkur afar vel og ég hef sjaldan upplifað eins góða tengingu við salinn. Þetta var fín vítamínsprautu fyrir framhaldið.“

indiana@frettabladid.is



MED BANDINU Fabúla ásamt Birki Rafni Gíslasyni, Jökli Jörgensen og Arnari Óðni Arnþórssyni.

SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. SÓLVEIG BERGMANN SIGRAÐI SIGURÐ KÁRA KRISTJÁNSSON Í SÍÐUSTU VIKU OG MÆTIR HÉR RÚNARI FREYR GÍSLASYNI.

1. Hvaða málari var oftast kallaður „slettumálarinn“?



2. Hverjir mynda hljómsveitina Ghostigtal?

3. Hvaða þjóð sigraði í Eurovision?

4. Hvaða söngkona á dótturina Bluebell Madonnu?



5. Hvaða leikrit var sýnt við opnun Þjóðleikhússins árið 1950?

6. Hvað heitir kynnirinn í American Idol?



7. Hvað eru rifbeinin mörg?

8. Hvað heitir kærasta Harrys prins?

9. Hvað heitir útvarpsþáttur Hemma Gunn á Bylgjunni?

10. Hvaða ár var Listahátíðin í Reykjavík fyrst haldin?



Rúnar Freyr Gíslason

1. Kjarval.
2. Ekki hugmynd.
3. Serbía.
4. Madonna.
5. Nýársnótt.
6. Ryan Seacrest.
7. 16.
8. Ég veit ekki.
9. N á tali hjá Hemma Gunn.
10. 1978.

Rúnar Freyr sigrar með fjórum stigum gegn þremur. Sólveig Bergmann skorar á ritstjóra Kompáss, Jóhannes Kr. Kristjánsson. Fylgist með í næstu viku.

Rétt svör: 1. Jackson Pollock. 2. Einar Örn Benediktsson og Curver Thoroddsen. 3. Serbía. 4. Geri Halliwell. 5. Nýársnótt. 6. Ryan Seacrest. 7. 24. 8. Chelsy Davy. 9. N á tali hjá Hemma Gunn. 10. 1970.



Sólveig Bergmann

1. Veit ekki.
2. Hermigervill og Jóhann Jóhannsson.
3. Serbía.
4. Veit ekki.
5. Veit ekki.
6. Ryan Seacrest.
7. 16.
8. Veit ekki.
9. N á tali.
10. 1976.

Nýtt í bíó

ÞAD ER MURSKURÐUR Á SKRIFTSYFUMINI

SEVERANCE

DANNY DYER LAURA HARRIS TIM MCCORMY

Ohugnalega myndin grínhrollivekja í anda Shaun of the Dead.

X

LAUGARÁS BÍÓ ALLS EKKI FYRIR VÍÐKVÆMA

ÍSLAND ER ALLTAF HEIMILI MITT



Í HEIMSÓKN Anna Mjöll Ólafsdóttir söngkona hefur búið úti í Bandaríkjunum síðustu 15 árin. Hún er hér á landi í stuttari heimsókn.

Ég hef ekki komið heim í sex og hálf ár svo þetta er æðislegt auk þess sem ég hef fengið sól á hverjum degi,“ segir Anna Mjöll Ólafsdóttir söngkona sem er stódd hér á landi en Anna Mjöll hefur búið í Los Angeles síðustu 15 árin. „Ég ætlaði aldrei að vera svona lengi en svona þróaðist þetta. Tíminn flýgur áfram en Ísland verður samt alltaf heimili mitt,“ segir hún og bætir við að það sé yndislegt að hitta fjölskyldu og vini þótt hún hafi ekki tíma til að hitta alla enda dvelji hún bara í sex daga.

Eiki Hauks flottur

Anna Mjöll starfar við tónlist í Los Angeles og hún segir samkeppnina þar ekki erfiðari en hér heima. „Það skiptir máli að komast inn í bransann og þá verðurðu að þekkja rétta fólk. Annars er þessi heimur frekar lítill, það er alltaf sama fólk sem er í þessu. Ég er bæði að syngja og semja tónlist sem er mjög skemmtilegt. Það er gott fyrir sálina að koma allri lífsreynslunni út svo maður verði ekki vitlaus,“ segir hún brosandí. Anna Mjöll keppti á sínum tíma í Eurovision fyrir íslensku þjóðina þar sem hún söng lagið Sjúbídu. Hún horfði á Eirík Hauksson á fimmtudaginn og leist vel á kappann. „Hann stóð sig mjög vel og ég veit hvað þetta er erfið. Þetta reynir á allt sem maður hefur og aðeins meira en það,“ segir hún og bætir við að hún hafi einnig horft á keppnina í fyrra í Los Angeles. „Ég og vinur minn, Fred Broson, sem skrifar fyrir Billboard, héldum Eurovision-partí í fyrra, pöntuðum pitsur og horfðum með miklum áhuga. Þetta er alltaf jafn skemmtilegt,“ segir Anna Mjöll sem er gift en barnlaus.

Stefni ekki á heimsfrægð

„Ég á tvo hunda svo börnin mín segja voff voff,“ segir hún hlæjandi og bætir við að hundarnir komi með henni til Íslands þegar hún ákveði að setjast hér að. Hvenær það verði viti hún ekki. „Mér líður vel þarna úti en það er gott að koma til Íslands. Ísland er æðislegt land og við erum mjög heppin. Mér finnst samt allt rosalega dýrt hérna.“ Aðspurð hvort hún stefni að heimsfrægð segist Anna Mjöll vera farin að róast. „Ég er alltaf að reyna að slá persónuleg met og gera betur í dag en í gær,“ segir hún að lokum.

indiana@frettabladid.is



PIRATES *of the* CARIBBEAN

AT WORLD'S END

MIDVIKUDAGURINN

23. MAÍ

FORSALA HAFIN! -TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á WWW.MIDI.IS-

ALFARAOFA 23-24.5.2007 KL. 4:30 - 6 - 8 - 10 - 11:30 LÖGUVÍP KL. 5:45 - 8 - 11:10 POWERVENING KL. 11:30	KRINGLAN 23-24.5.2007 KL. 4:30 - 6 - 8 - 10 - 11:30 LÖGUVÍP KL. 4:45 - 8 - 11:00 DIGITAL	SMARHARÓ 23-24.5.2007 KL. 6 - 8 - 9:30 - 11:30 LÖGUVÍP KL. 7 - 9	LAUGRABRÍÓ 23-24.5.2007 KL. 3:15 - 4:30 - 6:30	ARÚREYRI 23-24.5.2007 KL. 6 - 8 - 9:30 - 11:30 POWERVENING KL. 11:30	KEFLAVÍK 23-24.5.2007 KL. 6 - 8 - 10 POWERVENING KL. 11	SELFCOS 23-24.5.2007 KL. 4:30 - 5:45
ALFARAOFA 25.5.2007 KL. 7 - 4:30 - 6 - 8 - 10 - 11:30 LÖGUVÍP KL. 1:30 - 4:45 POWERVENING KL. 11:30	KRINGLAN 25.5.2007 KL. 2 - 4 - 6:15 - 8 - 10 10:30 - 11:30 DIGITAL	SMARHARÓ 25.5.2007 KL. 5 - 7 - 9 - 11 LÖGUVÍP KL. 7 - 9	LAUGRABRÍÓ 25.5.2007 KL. 3:15 - 4:30 - 6:30	ARÚREYRI 25.5.2007 KL. 4 - 6 - 8 - 9:30 - 11:30 POWERVENING KL. 11:30	KEFLAVÍK 25.5.2007 KL. 6 - 8 - 10 POWERVENING KL. 11	SELFCOS 25.5.2007 KL. 4:30 - 5:45 - 11
ALFARAOFA 26-28.5.2007 KL. 1 - 2 - 4:30 - 6 - 8 - 10 - 11:30 LÖGUVÍP KL. 1:30 - 4:45 POWERVENING KL. 11:30	KRINGLAN 26-28.5.2007 KL. 2 - 4 - 6:15 - 8 - 10 10:30 - 11:30 DIGITAL	SMARHARÓ 26-28.5.2007 KL. 5 - 7 - 9 - 11 LÖGUVÍP KL. 7 - 9	LAUGRABRÍÓ 25.5.2007 KL. 12 - 1:45 - 4:30 - 6:30	ARÚREYRI 26-28.5.2007 KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 9:30 - 11:30 POWERVENING KL. 11:30	KEFLAVÍK 26-28.5.2007 KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 POWERVENING KL. 11	SELFCOS 25.5.2007 KL. 1:15 - 4:30 - 7:45 - 11

VIÐ EIGUM OKKUR DRAUM.

**DRAUM ÞAR SEM ALLIR
BORÐA TÓPAS Í SÁTT OG
SAMLYNDI ÓHÁÐ ÞVÍ
HVORT TÓPASINN ER
FJÓLUBLÁR EÐA GRÆNN!**

TÓPAS TIL FÓLKSINS



Tópas FRELSISRÁÐID